

Fundur samgöngunefndar FV 26. apríl 2010

Fundinn sátu Sigurður Pétursson, formaður, Jóhann Hannibalsson á Ísafirði, í síma frá Tálknafirði Eyrún I Sigbórsdóttir, frá Bassastöðum, Guðbrandur Sverrisson og frá Danmörku, Gústaf Jökull Ólafsson.

Auk þess sat fundinn, Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri Fjórðungssambands Vestfirðinga.

Dagskrá var boðuð með tölvupósti þann 23. apríl

1. Samgönguáætlun 2010-2012
2. Vestfjarðavegur 60
Lögfræðiálit vegna dóms Hæstaréttar um vegagerð í Gufudalssveit. Leiðaval fyrir Vestfjarðaveg 60, frá Skálanesi í Bjarkalund (austan megin Þorskafjarðar).
3. Önnur mál.

1. Samgönguáætlun 2010 – 2012

Lögð hefur verið fram á Alþingi þingsályktun um samgönguáætlun 2010 – 2012, þingskjal nr. 973 – 2010 mál

Samþykkt að senda ályktun til samgöngunefndar Alþingis, sem fær þingsályktunina til umfjöllunar, er varðar framkvæmdir á Vestfjarðavegi 60 og Dýrafjarðargöng. Nefndin fjalli síðar um aðra hluta áætlunarinnar. .

Rætt um efni ályktunar og eftirfarandi samþykkt:

Áskorun vegna Dýrafjarðarganga og Vestfjarðavegar nr. 60

Samgöngunefnd Fjórðungssambands Vestfirðinga skorar á samgöngunefnd Alþingis að setja aftur inn á Samgönguáætlun árána 2009 – 2012 framlög til Dýrafjarðarganga, og staðfesta þannig fyrri vilja Alþingis og Vestfirðinga að göngin milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar verði sett á áætlun samhliða Norðfjarðargöngum sem næsta jarðgangaframkvæmd á Vestfjörðum.

Ekki ætti að þurfa að rökstyðja mikilvægi Dýrafjarðarganga fyrir framtíð byggðar á Vestfjörðum, svo mjög sem rætt hefur verið um samgönguferfiðleika á milli Ísafjarðarsýslu og Barðastrandarsýslu á undangengnum áratugum. Dýrafjarðargöng eru forsenda allra áætlana um uppbyggingu atvinnulífs, þjónustu og opinberrar stjórnsýslu á Vestfjörðum, hvort heldur litið er til Sóknaráætlunar 20/20, Bygðaaætlunar, samvinnu eða sameiningar sveitarfélaga eða annarra opinberrar þjónustu.

Dýrafjarðargöng og uppbygging vegar um Dynjandisheiði sameinar byggðir Ísafjarðarsýslu og Barðastrandarsýslu í eitt atvinnu- og stjórnsýslusvæði og er alger forsenda þess að opinberar áætlanir um uppbyggingu á Vestfjörðum nái fram að ganga. Frestun Dýrafjarðarganga, þó ekki sé nema um nokkur ár, mun reynast samfélaginu dýr.

Samgöngunefnd Fjórðungssambands Vestfirðinga vill minna á að framlög til vegar um Barðastrandarsýslu á milli Bjarkalundar og Flókalundar hafa áður verið ákveðin og Dýrafjarðargöng eiga ekki að hafa áhrif á þá stefnu að koma byggðum Barðastrandarsýslu í heilsársvegasamband við þjóðvegakerfi landsins. Nú er útlit fyrir að Vesturbyggð og Tálknafjörður verði einu þéttbýlissvæði á landinu sem enn hafa ekki nútímavegasamband við aðra landshluta að tveim árum liðnum, hvort heldur er sunnan Breiðafjarðar eða norðan. Vestfirðingar skora á Alþingi að sýna vilja í verki með því að samþykkja úrbætur í þessum efnum á samgönguáætlun nú þegar.

Framkvæmdastjóra falið að senda ályktunina á samgöngunefnd Alþingis auk þess sem hún verði kynnt í fjölmiðlum, send sveitarstjórnnum, samgönguráðherra og þingmönnum Norðvestur kjördæmis.

2. Vestfjarðavegur 60

Leiðaval fyrir Vestfjarðaveg 60, frá Skálanesi í Bjarkalund (austan megin Þorskafjarðar).

Fundur var haldin þann 20. apríl með fulltrúum Reykhólahrepps, Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar þar sem samgönguráðuneyti og Vegagerð kynntu lögfræðiálit varðandi dóm Hæstaréttar um vegagerð á Vestfjarðavegi 60 í Reykhólahreppi. Fjallað var um dóm Hæstaréttar á fundi þessara aðila og samgöngunefndar þann 3. nóvember 2009. Áætlun var að boða sömu aðila á fund þegar lögfræðiálit liggi fyrir og hefur skrifstofa Fjórðungssambands Vestfirðinga reglulega kannað með stöðu málsins. Samgöngunefnd FV var hinsvegar ekki boðuð og borið við mistöku í boðun fundarins, efni fundarins hefur síðan verið sent til Fjórðungssambandsins og liggur það fyrir fundinum.

Rætt um efni lögfræðiálits samgönguyfirvalda, velt upp kostum hvernig bregðast eigi við. Fram kom að samgönguráðherra er tilbúin að koma á fund hér vestra til að kynna og ræða þessa stöðu. Ræða þarf skipulag og aðkomu sveitarfélaga að slíkum fundi. Umræðu frestað til næsta fundar.

3. Önnur mál.

Samþykkt að boða til fundar í samgöngunefnd FV, mánudag 3. maí n.k. kl 10.00, fundurinn verð haldinn á Ísafirði og með aðstoð síma. Efni fundarins er framhald umræðu um þingsályktun um samgönguáætlun 2010-2012 og umræðu um viðbrögð við lögfræðiáliti og leiðarval Vestfjarðarveg 60.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 11.20.

Fundargerð ritaði Aðalsteinn Óskarsson.